



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokk fólksins um hve mörg börn undanfarin fimm ár hafa ekki fengið skólavist vegna þess að það glímir við djúpstæðan hegðunarvanda tengd röskun af einhverju tagi - R19050014

Á fundi borgarráðs þann 2. maí 2019 var óskað eftir upplýsingum um hve mörg börn undanfarin fimm ár hafa lent á milli skips og bryggju í skólamálum með þeim afleiðingum að barn fær ekki skólavist vegna þess að það glímir við djúpstæðan hegðunarvanda tengd röskun af einhverju tagi? Til að tengja þessa fyrirspurn raunveruleikanum er rifjuð upp nýleg frétt þar sem barn fékk ekki skólavist sem rekja má til þarfar þess fyrir umtalsverða sérþjónustu og sértækrar aðstoðar. Það er alvarlegt þegar borgaryfirvöld sem segist reka stefnu „Skóli án aðgreiningar“ geta ekki sinnt börnum með sérþarfir en samt segir í stefnunni að skólinn eigi að vera fyrir alla. Þetta verður að skoða í víðara samhengi. Það hefur lengi verið vitað að það er ákveðinn hópur barna sem líður illa í skólanum vegna þess þau fá ekki þjónustu við hæfi. Hér er það staðfest enn og aftur að þessi metnaðarfulla ímynd um skóla fyrir er ekki að virka fyrir öll börn og ekki nóg með það heldur er barni sem glímir við mikla erfðeika tengdum veikindum sínum hreinlega vísað úr skólakerfinu. Þetta er lögbrot. Flokkur fólksins vill fá að vita hve mörg börn hafa verið sett í ólíðandi aðstæður sem þessar

Svar:

Ákvæði laga um grunnskóla og reglugerða settum með heimild í þeim lögum:

Í 3. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, með síðari breytingum, segir um skólaskyldu: „Skólaskylda á grunnskólastigi er að jafnaði í tíu ár, en getur verið skemmri, sbr. 32. gr. Öllum börnum, að jafnaði á aldrinum 6-16 ára, er skylt að sækja grunnskóla.“ Í 3. mgr. 5. gr. sömu laga segir: „Sveitarfélögum er skylt að sjá til þess að skólaskyld börn skv. 3. gr., sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, og börn sem hefur verið ráðstafað í fóstur til fósturforeldra, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar eftir því sem nánar segir í lögum þessum.“

Í 1. mgr. 19. gr. laga um grunnskóla segir um skólasókn: „Foreldrar skólaskylds barns bera ábyrgð á að það innritist í skóla þegar það kemst á skólaskyldualdur og sækir skóla. Verði misbrestur á skólasókn skólaskylds barns, án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli, skal skólastjóri leita lausna og taka ákvörðun um úrbætur. Jafnframt skal hann tilkynna barnaverndaryfirvöldum um málið.“

Í 17. gr. laga um grunnskóla er fjallað um nemendur með sérþarfir. Þar segir í 1. mgr: „Nemendur eiga rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis.“ Í 3. mgr. 17. gr. er fjallað um rétt nemenda til sjúkrakennslu: „Nemendur sem að mati læknis geta ekki sótt skóla vegna slyss eða langvarandi veikinda eiga rétt til sjúkrakennslu annaðhvort á heimili sínu eða á sjúkrastofnun.“ Jafnframt segir í 4. mgr. 17. gr: „Telji foreldrar barns, skólastjórar, kennarar eða aðrir sérfræðingar að það fái ekki notið kennslu við sitt hæfi í almennum grunnskóla geta foreldrar sótt um skólavist fyrir barnið í sérúrræði innan grunnskóla eða í sérskóla.“

Reglugerð nr. 585/2010, með síðari breytingum, fjallar um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla. Þar segir í 1. mgr. 4. gr: „Sveitarfélögum er skylt að sjá til þess að skólaskyld börn, sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu eða eru vistuð hjá fösturforeldrum sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu, fái sérstakan stuðning í skólastarfi í samræmi við metnar sérþarfir þeirra og eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari.“

Kveðið er á um heimild til vísunar úr skóla í 3. og 4. mgr. 14. gr. laga um grunnskóla þar sem fjallað er um ábyrgð nemenda. Í 3. mgr. segir varðandi hegðun nemenda að „Ef hegðun nemenda reynist verulega áfátt ber kennara hans að leita orsaka þess og reyna að ráða á því bót, m.a. með viðtölum við nemandann sjálfan og foreldra hans. Verði samt ekki breyting á til batnaðar skal kennari leita aðstoðar skólustjóra og sérfróðra ráðgjafa skólans sem leita leiða til úrbóta, eftir atvikum að teknu tilliti til hlutverks barnaverndaryfirvalda. Í 4. mgr. segir varðandi brottvikningu: „Meðan mál skv. 3. mgr. er óútljás getur skólustjóri vísað nemanda úr skóla um stundarsakir eða ótímabundið, enda tilkynni hann foreldrum nemanda og skólanefnd tafarlaust þá ákvörðun. Um slíka ákvörðun gilda ákvæði stjórnáskilanna. Skólanefnd er skylt innan hæfilegs tíma að tryggja nemanda, sem vikið hefur verið úr skóla, viðeigandi kennsluárræði.“

Í reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011 er í 12. gr. nánar kveðið á um ítrekuð brot nemenda á skólareglum. Þar segir í 1. mgr: „Ef hegðun nemanda reynist verulega áfátt ber umsjónarkennara hans að leita orsaka og reyna að ráða á því bót, m.a. með viðtölum við nemandann sjálfan og foreldra hans og eftir atvikum með samningum. Sérstaklega skal skoða þroska nemanda, náms- og kennsluhætti, skólabrag, samsetningu námshópa, aðstæður í nemenda- og félagahópnum, samskipti kennara og nemenda og samstarf heimila og skóla.“

Um heimild til brottvikningar vegna ítrekaðra brota nemenda á skólareglum er fjallað m.a. í 4. mgr. 12. gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins: „Ef nemandi virðir enn ekki skólareglur og ítrekuð brot hans á skólareglum eru alvarleg má vísa nemanda um stundarsakir úr skóla á meðan reynt er að finna lausn á máli hans, að hámarki eina kennsluviku. Ef allt um þrýtur og brot nemanda eru mjög alvarleg, s.s. ef hann veldur öðrum skaða eða eignatjóni, er heimilt að víkja honum ótímabundið úr skóla. Það skal þó ekki gert fyrr en allar aðrar leiðir hafa verið reyndar.“

Í 15. gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins er fjallað nánar um brottvísun úr skóla um stundarsakir og ótímabundið. Í 4. mgr. segir: „Sé nemanda vikið ótímabundið úr skóla skv. 4. mgr. 12. gr. skal skólustjóri strax tilkynna skólanefnd þá ákvörðun. Eftir að máli hefur verið vísað til skólanefndar ber hún ábyrgð á því að nemanda sé tryggð skólavist eða önnur viðeigandi kennsluárræði eins fljótt og auðið er og aldrei síðar en innan þriggja vikna.“ Jafnframt segir í 5. mgr: „Óheimilt er að víkja nemanda að fullu úr skóla nema honum hafi verið tryggt annað kennsluárræði.“

Samkvæmt ofangreindu er sveitarfélögum skylt að sjá til þess að skólaskyld börn sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu njóti skólavistar. Foreldrar skólaskylds barns bera ábyrgð á að það innritist í skóla og sæki hann. Nemendur eiga rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis og nemendur með sérþarfir eiga rétt á sérstökum stuðningi í skólastarfi í samræmi við metnar sérþarfir sínar.

Heimild til brottvikningar nemanda úr skóla, tímabundið eða ótímabundið er eingöngu bundin við ítrekuð brot nemenda á skólareglum og skal þá sérstaklega skoða þroska nemandans, stöðu hans í félagahópnum, auk ýmissa þátta skólastarfsins. Sé um ótímabundna brottvikningu að ræða ber skólanefnd ábyrgð á að nemandanum sé tryggð önnur skólavist eða kennsluárræði, aldrei síðar en innan þriggja vikna. Ekki eru upplýsingar um nein dæmi þess að nemanda hafi verið vísað úr skólakerfinu á grundvelli erfiðleika tengdum veikindum, en brottvísun er ávallt vegna ítrekaðra brota á skólareglum. Ávallt er skylt að leita annarra skólaárræða í slíkum tilvikum sbr. það sem fram kemur hér að framan.

Misbrestur á skráningu nemanda í grunnskóla og skólasókn

Ef nemandi er ekki innritaður heimaskóla af foreldri/forsjáradila leitar viðkomandi skóli skýringa á því. Fáist ekki skýring, s.s. að nemandinn hafi verið skráður í annan skóla tilkynnir skólustjóri það til

skrifstofu skóla- og frístundasviðs þar sem leitað er frekari skýringa. Skýring getur t.d. legið í því að viðkomandi barn er flutt eða farið úr landi. Þannig er gengið úr skugga um að öll börn á skólaskyldualdri, með lögheimili í Reykjavík, séu skráð í skóla og njóti þar skólavistar.

Verði verulegur misbrestur á skólasókn nemanda leitar skóli leiða í samræmi við verklagsreglur skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins vegna grunnskólanema með fjölbættan vanda, verklagsreglu c um viðbrögð við skólasóknar- og ástundunarvanda nemenda. Slík mál eru tilkynnt til Barnaverndar sem kemur þá að vinnslu málsins sé ástæða talin til. Verklagsreglurnar má sjá hér; https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/verklagsreglur_2012_breytingar_2015.pdf

Skólavist nemenda með fatlanir eða alvarlegar raskanir

Sé um að ræða nemanda sem á við djúpstæðan hegðunarvanda tengdan röskun af einhverju tagi er leitað leiða til að koma til móts við viðkomandi nemanda innan úrræða skólans og skapa aðstæður í samræmi við þarfir nemandans. Til ráðgjafar og aðstoðar hefur skóli aðgang að sérfræðingum skólaþjónustu, sálfræðingum, kennsluráðgjöfum og hegðunarráðgjöfum. Einnig getur skóli óskað eftir þjónustu farteypa sem starfar í skólunum með nemanda og starfsfólki og í undantekningartilvikum vinnur teymið með nemandann utan skólans tímabundið. Sé um að ræða tilvik þar sem skólavist í heimaskóla telst fullreynd af sérfræðingum innan og utan skólans er sótt um í viðeigandi úrræði fyrir nemandann, sérhæfðum sérdeildum fyrir nemendur með einhverfu, í Brúarskóla eða í Klettaskóla. Að mörgum slíkum málum koma auk skólaþjónustu og farteypa, ráðgjafi heimila og skóla og verkefnastjóri sérkennslu á skrifstofu SFS. Þegar um slík mál er að ræða eru önnur kerfi auk þess inn í málum, velferðarsvið, Barnavernd, BUGL og aðrir

Á meðan beðið er eftir skólavist í sérúrræði vinna þeir aðilar sem að málinu koma sameiginlega að tímabundinni lausn innan eða utan skóla nemandans.

Fjöldi barna án skólavistar vegna djúpstæðs hegðunarvanda tengdan röskun af einhverju tagi

Ekki eru til nein dæmi þess síðastliðin 5 ár að barn hafi ekki fengið skólavist vegna þess að það glímir við djúpstæðan hegðunarvanda tengdan röskun af einhverju tagi.

Virðingarfyllt



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

